

Borgarbyggð
Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

Garðabær, 6.11.2024
Málsnúmer: 202410-0048
IAS/LA

Efni: Hraunsás III – aðalskipulagsbreyting. Svæði ætlað fyrir frístundabyggð breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Vinnslutillaga.

Vísað er í erindi frá Borgarbyggð, frá 24. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi vegna Hraunsás III, þar sem svæði, ætlað fyrir frístundabyggð, verður breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Aðalskipulagsbreytingin snýr að því að um 19 ha svæði í landi Hraunsás III verði breytt úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði. Landið er óbyggt í dag, vaxið birkiskógi að hluta og nær að bökkum Hvítár rétt ofan viðfriðlýsta svæðið Barnafoss og Hraunfossa. Fyrirhugað er að byggja allt að 25 gistihús fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi.

Náttúrufræðistofnun skilaði inn umsögn um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingar, dags. 6. júní 2024, þar sem fram koma ábendingar um að í skóginum sé raski haldið í lágmarki og heimila ekki ræktun erlendra plöntutegunda innan hverfisverndarsvæðisins. Þá benti stofnunin á möguleg áhrif á nærliggjandi friðlýst svæði, Hraunfossa og Barnafoss. Í vinnslutillögu aðalskipulagsbreytinga má sjá viðbrögð bæjaryfirvalda við athugasemdum, þar sem tekið er jákvætt undir þessa ábendingar Náttúrufræðistofnunar.

Þessu til viðbótar telur Náttúrufræðistofnun að gera þarf grein fyrir mögulegri náttúruvá er varðar flóð eða jökulhlaup í Hvítá, eins og varð í ágúst 2020, og hvort þörf sé að flytja skipulagssvæðið fjær árbakkanum miðað við hættu á slíkum flóðum.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur